

Fundargerð stjórnar foreldrafélags Fossvogsskóla

19. október 2021

Mætt: Karl, Erna, Lillý, Unnur og Ragnar.

Fjarverandi: Hrund, Herborg, Héðinn, Klara og Högni.

Fundargerð ritar Ragnar

Fundur haldinn í Víkinni og hófst klukkan 17:30.

1. Fundargerð

Engar athugasemdir bárust við fundargerð síðasta fundar og telst hún samþykkt.

2. Staða bekkjarfulltrúa

Upplýst að komnir séu bekkjarfulltrúar fyrir 1., 2., 3. og 7. bekk. Búið að senda póst á 4.-6. bekk. Ef ekki finnast aðilar skuli einstaka stjórnarmenn finna aðila í sínum árgangi.

Ákveðið að halda fund með öllum bekkjarfulltrúum og fá hvern árgang til að skipuleggja aðventustund/viðburð. Rætt um að nýta Víkina undir viðburði.

3. Húsnæðismálin

Rætt um húsnæðismál skólans og mikilvægi þess að þrýst sé á að allt skólastarf hefjist sem allra fyrst í Fossvoginum. Nauðsynlegt að ýta á eftir þeim kröfum sem settar voru fram á fundi með borgarstjóra. Ákveðið að Karl mun óska eftir fundi með Ólöfu sviðsstjóra USK annars vegar og Helga Grímssyni frá SFF hins vegar.

4. Stjórnarhættir

Rætt um stjórnarhætti skólans og þau atriði sem foreldrafélagið þurfi að berjast fyrir.

Rætt um vandamál er tengjast rútuferðum í Korpuskóla. Ákveðið að foreldrafélagið beiti sér fyrir því að SFF manni rúturnar.

Rætt um nauðsyn þess að foreldraviðtöl fari annað hvort fram í Fossvogsskóla, Korpuskóla eða á teams. Nauðsynlegt svo foreldrar nái tengingu við kennara.

Stefnt að næsta fundi stjórnar FFF vikuna 1. til 5. nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:36.